

Antikva ehf. 2024

Gauksstaðir

Könnunarskurðir í landi Gauksstaða, Suðurnesjabæ
Svavar Níelsson



Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af rannsóknarsvæðinu áður en skurðir voru teknir

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð og teikningar: Svavar Nielsson

Útgefandi: Antikva ehf.

ISBN númer: 978-9935-525-56-7

Ljósmyndir í ritinu eru teknar af skýrsluhöfundi nema annað sé tekið fram

© Svavar Nielsson og Antikva ehf.

Efnisyfirlit


Abstract.....	1
Inngangur	2
Fyrri rannsóknir og skráningar	3
Markmið og kröfur	3
Aðferðir	4
Ljósmyndir.....	4
Gripir.....	4
Sýni	4
Dýrabein.....	4
Gauksstaðir í Suðurnesjabæ	5
Fornleifarannsókn.....	6
Hóll 2863-1579	7
Minjasvæði 2863-1596.....	9
Niðurstöður.....	11
Heimildir	12
Fylgigögn.....	13
Ljósmyndaskrá.....	13

Ljósmyndaskrá

Mynd 1. Drónamynd af rannsóknarsvæðinu fyrir könnunarskurði.	6
Mynd 2. Snið úr könnunarskurði í hól 2863-1579.....	8
Mynd 3. Mannvistarlag í hól 2863-1579.	9
Mynd 4. Mannvistarlag í minjasvæði 2863-1596. Á myndinni sést í fiskibeinalag.	10

Kortayfirlit

Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu.	5
Kort 2. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðin.....	3
Kort 3. Könnunarskurðir á lóð. Rauðu flákarnir sýna könnunarskurðina. Gulu flákarnir sýna rannsóknarsvæði ásamt skráðum fornminjum á lóðinni.	7



Kort 1. Staðsetning fornleifarannsóknar á landinu.

Grunnupplýsingar

Rannsóknarnúmer: 202409-0119

Safnnúmer Þjóðminjasafns: 2024-74

Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur): Rannsókn á meintum fornminjum vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóð Gauksstaða í Suðurnesjabæ.

Tegund rannsóknar: Framkvæmdarannsókn

Staðsetning: Suðurnesjabær

GPS hnít: ISN93: 322293,571, 401417,072

Rannsóknartími: 1 dagur, 03.10.2024

Leyfishafi: Svavar Nielsson, Antikva ehf.

Fjöldi starfsmanna: 1

Abstract

No significant archaeological remains were found in the areas recommended for investigation by the Cultural Heritage Agency of Iceland on the proposed plots in the land of Gauksstaðir in Suðurnesjabær. Three test trenches were dug, one trench was dug into mound number 2863-1579 and two trenches were dug into cultural area number 2863-1596. Mound 2863-1579 appears to be mostly natural, there were big rocks and bedrock underneath a thin topsoil layer. Cultural area 2863-1596 also appears to be mostly natural as no significant culture was found in it. Cultural area 2863-1596 also had a rather thin topsoil layer and underneath the topsoil were big rocks and bedrock.

Inngangur

Landeigendur að Gauksstöðum í Suðurnesjabæ óskuðu eftir því að fá leyfi til framkvæmda á lóð sinni. Minjastofnun Íslands fór fram á að áður en farið yrði í þær framkvæmdir yrði fenginn fornleifafræðingur til að kanna svæðið og grafnir yrðu könnunarskurðir.¹ Út frá niðurstöðum fornleifarannsóknarinnar yrði svo metið hvort hægt yrði að gefa leyfi til framkvæmda eða samþykkja deiliskipulagið á svæðinu. Niðurstöður fornleifarannsóknar bentu ekki til verulegrar mannvistar. Lítið var um mannvistarlög þó svo að sjá mætti leifar af minjum á yfirborði.

Að beiðni Lárusar Guðmundssonar fyrir hönd landeigenda tók Ragnheiður Traustadóttir, fyrir hönd Antikva ehf. verkið að sér og stjórnandi rannsóknar var Svavar Níelsson.

Minjastofnun Íslands veitti uppgraftarleyfi þann 27.09.2024. Rannsóknin fékk rannsóknarnúmerið 202409-0119 og safnanúmerið 2024-74 hjá Þjóðminjasafni Íslands.

Rannsóknin fór fram þann 3. október 2024. Fornleifafræðingur á vettvangi var Svavar Níelsson.

Höfundur þakkar öllum sem lagt hafa rannsókninni lið.

¹ Þór Hjaltalín, 2024.

Fyrri rannsóknir og skráningar

Fornleifaskráning hafði áður farið fram á landi Gauksstaða í Suðurnesjabæ. Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir önnuðust þá skráningu og fór hún fram árið 2022. Voru skráðar minjar á því svæði sem var nú til skoðunar (sjá kort 3).²



Kort 2. Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðin.

Markmið og kröfur

Minjastofnun Íslands fór fram á að hóll 2863-1579 og minjasvæði 2863-1596 yrðu rannsakaðir af fornleifafræðingi áður en hægt væri að veita leyfi til framkvæmda á lóð Gauksstaða í

² Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, 2022.

Suðurnesjabæ. Ætlast var til að grafnir yrðu könnunarskurðir í hól [2863-1579] og minjasvæði [2863-1596] til þess að kanna aldur og umfang fornminja á þessum staðsetningum.³

Aðferðir

Við rannsóknina var notuð grafa til þess að grafa þrjá könnunarskurði. Ef mannvistarlag kæmi í ljós var áætlað að grafan yrði stöðvuð og lagið skráð. Hins vegar kom lítil mannvist í ljós og því ekki gerðar sniðteikningar né var ástæða til þess að skrá nein sérstök lög. Allir skurðirnir voru ljósmyndaðir.

Ljósmyndir

Við fornleifarannsóknina voru teknar stafrænar myndir, myndir af jarðlögum og sniðum. Á vettvangi voru uppgrftarljósmyndir skráðar á eyðublöð sem hafa verið hönnuð sérstaklega til þess að skrá slíkar myndir. Alls voru teknar 35 uppgrftarmyndir.

Gripir

Engir gripir fundust við rannsóknina.

Sýni

Engin sýni voru tekin.

Dýrabein

Við rannsóknina fundust nokkur fiskibein sem ekki voru hirt.

³ Þór Hjaltalín, 2024 og Sigurður Bergsteinsson, 2024.

Gauksstaðir í Suðurnesjabæ

Gauksstaðir eru með bæjarstæði fast við sjóinn en ýmislegt bendir til þess að Gauksstaðir hafi byggst snemma.⁴ Til að mynda er Gauksstaða getið árið 1270 í grein um hvalaskipti á Rosmhvalanesi.⁵ Gauksstaða er líka getið í álitagerð frá árinu 1528 vegna landamerkjaágreinings milli þeirra og jarða Skálholtsstóls.⁶ Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1703 er Gauksstaða getið sem konungseign en jarðadýrleiki var óviss á þeim tíma. Í jarðabókinni segir jafnframt: „Fóðrast kann iiii kýr naumlega á allri jörðinni [...] Skóg til kolgjörðar brúkar jörðin í almenníngum. Torfrista og stúnga engin. Lýngrif lítið og í fjarska uppá heiðum í óskiftu landi. Fjörugrasatekja nokkur. Rekavon lítil. Murukjarnatekja nokkuð lítil sem brúkuð er til að næra peníng á heyskorti. Heimræði er árið um kríng, þó um vetur valla nýtandi, því lending er mjög slæm. Annað skipsuppsátur á jörðin þar sem heitir Varaós og er þar góð lending, brúka Gauksstaðamenn hana þá heimalendingin er ófær; heima ganga skip ábúendanna vetur og sumar eftir hentugleikum. Inntökuskip eru þar engin en hafa þó verið og mega vera enn nú ef menn vilja. Þar hefur og áður gengið kóngsskip undirgiftarlaust, en verbúð hefur því engin fylgt. Eldiviðartak af fjörupáangi naumlega til heimamanna brúkunar. Túnnum og görðum spillir sjáfaragangur og so jallhúsum. Engjar eru öngvar. Útigangur engin sumar nje vetur. Vatnsból merkilega slæmt og bregðst sumar og vetur.“⁷ Árið 1847 fór svo fram Jarðatal Johnsens, á þeim tíma var jörðin áfram í konungseign en var metin á 29 og 1/6 hundruð með einn ábúanda sem var leiguliði.⁸

⁴ Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, 2022, 15.

⁵ *Íslenskt fornbréfasafn*, II 1893, 78.

⁶ *Íslenskt fornbréfasafn*, IX, 1909-1913, 465.

⁷ Árni Magnússon og Páll Vídalín, 1923-1924, III, 89-90.

⁸ Johnsen, 1847, 88.

Fornleifarannsókn

Fornleifarannsókn fór fram á hól 2863-1579 og minjasvæði 2863-1596 inn á lóð Gauksstaða.



Mynd 1. Drónamynd af rannsóknarsvæðinu fyrir könnunarskurði.



Kort 3. Könnunarskurðir á lóð. Rauðu flákarnir sýna könnunarskurðina. Gulu flákarnir sýna rannsóknarsvæði ásamt skráðum fornminjum á lóðinni.

Hóll 2863-1579

Í fornleifaskráningu frá árinu 2022 segir um hól 2863-1579: „Um 20 m austan við tvíhólfa tóftina er nokkuð hringlaga og ávalur hól, 18,9 x 14,8 m að stærð og 1,4 m að hæð. Grjót er sýnilegt í honum og hann sker sig frá umhverfinu því sléttlendi er kring. Hann virðist þó vera náttúrulegur og má til samanburðar hafa í huga að suðvestan við svæðið er brekka og gróin

klettahæð, Brekkuhöfði. Hóllinn er þó inni á framkvæmdasvæðinu þannig að ef minjar skyldu leynast í honum eru þær í hættu.”⁹

Grafinn var einn könnunarskurður inn í miðjan hólinn og út eftir honum. Notuð var grafa til þess að grafa könnunarskurðinn. Undir grasrótinni var mikið um stórgrýti sem gerði það að verkum að erfitt reyndist að grafa könnunarskurð í þennan hól. Enga mannvist var að sjá í hólnum fyrir utan eitt lítið og þunnt lag undir grasrótinni fyrir um miðjum skurðinum. Mannvistarlag þetta lá ofan á því sem virðist vera stórgrýti eða klöpp. Engir gripir komu í ljós í þessum könnunarskurði.



Mynd 2. Snið úr könnunarskurði í hól 2863-1579.

⁹ Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, 2022, 24.



Mynd 3. Mannvistarlag í hól 2863-1579.

Minjasvæði 2863-1596

Í fornleifaskráningu frá árinu 2022 segir um minjasvæði 2863-1596: „Yfirborð hólins er ójafnt og víða grjót í honum. Líklegt virðist að þarna séu fleiri minjar en ekki er unnt að greina sköpulag annarra tófta. Hóllinn liggur utan í náttúrulegri brekku en landinu hallar upp til móts við bæinn Brekku sem hefur hlotið nafn af hallanum. Fyrir framan eða norðan tóftahóllinn er lítil tjörn og frá henni er stutt í sjóinn. Minjarnar eru fremur ógreinilegar nema tóftin ofan á hólnum sem sést vel en varðveisla er ekki sérstaklega góð. Þær hafa nokkurt minjagildi en eru inni á framkvæmdasvæðinu og því í mikilli hættu.“¹⁰

¹⁰ Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir, 2022, 20.

Grafnir voru tveir könnunarskurðir í minjasvæði 2863-1596. Í könnunarskurðunum sást engin marktæk mannvist fyrir utan nokkur hvít plastbrot sem voru í yfirborðslagi. Stutt var niður á klöpp og var einnig stórgrýtt í hólnum. Á einum stað í vestari könnunarskurðinum sást í lítið fiskibeinalag. Fiskibeinalagið bendir til þess að einhver athafnasemi hafi átt sér stað á svæðinu þó ekki hafi fundist ummerki um byggingar.



Mynd 4. Mannvistarlag í minjasvæði 2863-1596. Á myndinni sést í fiskibeinalag.

Niðurstöður

Þrír könnunarskurðir voru grafnir á lóð Gauksstaða í Suðurnesjabæ, einn könnunarskurður í hól 2863-1579 en tveir í minjasvæði 2863-1596. Á hvorugu svæðinu fundust marktækar mannvistarleifar. Þegar hól 2863-1579 var fyrst skráður var bent á að hann kynni að vera náttúrulegur og því kom ekki á óvart að ekki skyldu finnast marktækar mannvistarleifar í honum. Minjasvæði 2863-1596 var hins vegar skráð sem rústahóll og ofan á hólnum sjálfum eru skráðar fornminjar. Það kom því nokkuð á óvart að ekki skyldu vera veruleg ummerki um mannvist í könnunarskurðunum sem grafnir voru í hann. Líklega eru minjarnar ofan á minjasvæði 2863-1596 frá því eftir 1500 og illa farnar eftir ágang sjávar. Það gæti útskýrt hve lítið sást af mannvist í könnunarskurðunum þó fornminjar kunni að sjást á yfirborði. Antikva mælir ekki með frekari rannsóknum á þeim svæðum sem skoðuð voru vegna fyrirhugaðra framkvæmda á lóð Gauksstaða í Suðurnesjabæ nema ef ske kynni að deiluskipulag skyldi breytast.

Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1923-1924). *Jarðabók: Gullbringu- og Kjósarsýsla (III)*.
Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Íslenzkt fornbréfasafn, II. (1893). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkt fornbréfasafn, IX. (1909-1913). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu*.
Kaupmannahöfn.

Rúna K. Tetzschner og Ragnheiður Traustadóttir. (2022). *Gauksstaðir: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Reykjavík: Antikva.

Sigurður Bergsteinsson. (2024, 27. september). *Leyfi til fornleifarannsóknar á Gauksstöðum í Suðurnesjabæ*.

Þór Hjaltalín. (2024, 16. ágúst). *Gauksstaðir - Fornleifakannanir vegna framkvæmda*.

Fylgigögn

Ljósmyndaskrá

Ljósmynd	Svæði	Myndefni, stutt lýsing	Átt	Ljósmyndari	Dagsetning
2024-74-1	2863-1579	Yfirlitsmynd yfir hól 2863-1579	N	SN	03.10.2024
2024-74-2	2863-1579	Yfirlitsmynd yfir hól 2863-1579	NA	SN	03.10.2024
2024-74-3	2863-1596	Yfirlitsmynd yfir hól 2863-1596	SV	SN	03.10.2024
2024-74-4	2863-1596	Yfirlitsmynd yfir hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-5	2863-1596	Yfirlitsmynd yfir hól 2863-1596	SA	SN	03.10.2024
2024-74-6	2863-1596	Yfirlitsmynd yfir hól 2863-1596	SA	SN	03.10.2024
2024-74-7	2863-1596	Yfirlitsmynd yfir hól 2863-1596	A	SN	03.10.2024
2024-74-8	2863-1579	Mannvistarlag í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-9	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-10	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-11	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-12	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-13	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-14	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-15	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-16	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-17	2863-1579	S-prófill í könnunaraskurði í hól 2863-1579	S	SN	03.10.2024
2024-74-18	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-19	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-20	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-21	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-22	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-23	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-24	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-25	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-26	2863-1596	S-prófill í Austari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-27	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-28	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-29	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-30	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-31	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-32	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-33	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-34	2863-1596	S-prófill í Vestari könnunaraskurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-35	2863-1596	Fiskibeinalag í suður prófil í Vestari skurði í hól 2863-1596	S	SN	03.10.2024
2024-74-36	2863-1579	Drónamynd af hól 2863-1579		SN	03.10.2024
2024-74-37	2863-1579	Drónamynd af hól 2863-1579		SN	03.10.2024
2024-74-38	2863-1579	Drónamynd af hól 2863-1579		SN	03.10.2024
2024-74-39	2863-1579 og 2863-1596	Drónamynd af svæðum 2863-1579 og 2863-1596		SN	03.10.2024
2024-74-40	2863-1579 og 2863-1596	Drónamynd af svæðum 2863-1579 og 2863-1596		SN	03.10.2024
2024-74-41	2863-1596	Drónamynd af svæði 2863-1596		SN	03.10.2024



2024-74-1



2024-74-2



2024-74-3



2024-74-4



2024-74-5



2024-74-6



2024-74-7



2024-74-8



2024-74-9



2024-74-10



2024-74-11



2024-74-12



2024-74-13



2024-74-14



2024-74-15



2024-74-16



2024-74-17



2024-74-18



2024-74-19



2024-74-20



2024-74-21



2024-74-22



2024-74-23



2024-74-24



2024-74-25



2024-74-26



2024-74-27



2024-74-28



2024-74-29



2024-74-30



2024-74-31



2024-74-32



2024-74-33




2024-74-34




2024-74-35



2024-74-36



2024-74-37



2024-74-38



2024-74-39



2024-74-40



2024-74-41